

Ed.

750. Frumvarp til laga

[286. mál]

um iðnaðarmálagjald.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

1. gr.

Leggja skal 0.1% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnrekstur í landinu, sem af er greitt iðnlánasjóðsgjald samkv. ákvæðum 5. gr. laga nr. 68 10. október 1967. Skal gjaldstofn þess vera hinn sami og iðnlánasjóðsgjaldsins samkv. ákvæðum þessum. Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki að öllu leyti í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki, sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé getið í þeim lögum.

Iðnaðarmálagjald skal lagt á af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjaldþagi skal vera hinn 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

Iðnaðarmálagjald skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts, svo og tekjuútsvars, ef um er að ræða. Óheimilt er að leggja gjaldið við verð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja.

2. gr.

Tekjum af iðnaðarmálagjaldi skal þannig varið:

1. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds Sambands isl. samvinnufélaga og kaupfélaga innan þess, skal renna til starfsemi í þágu iðnaðar samvinnufélaganna eftir nánari ákvörðun stjórnar sambandsins.
2. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds lagmetisframleiðenda, sem eru aðilar að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, skal renna til þeirra samtaka sem ráðstafa þeim hluta til eflingar lagmetisiðnaðinum í landinu.
3. Eftirstöðvar iðnaðarmálagjaldsins skiptast að jöfnu milli Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, sem hvort um sig ráðstafar sínum hluta til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Aðilar þeir, sem iðnaðarmálagjaldið rennur til samkv. framansögðu, skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal í fyrsta sinn lagt á iðnaðarmálagjald árið 1975 á gjaldstofn ársins 1974.